20. ágúst 2026

Áfram Ísland, opinn fundur í Hofi á Akureyri

https://www.youtube.com/watch?v=46SGo8dU7lA

Áfram Ísland boðar til opins fundar í Hofi á Akureyri fimmtudaginn 20. ágúst kl. 17:00.
Áfram Ísland er vettvangur fólks sem velur íslenska framtíð á eigin forsendum í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst.
Ræðumenn:
Sólveig Anna Jónsdóttir
Steingrímur J. Sigfússon
Ólafur Ragnar Grímsson
Fundarstjóri: Ásthildur Sturludóttir
Fundurinn er öllum opinn.

Ásthildur: Kæru gestir, verið hjartanlega velkomin hingað í Hof í dag og þið líka sem heima sitjið og horfið á í streymi. Það gleðir mig mjög að sjá hversu margir hafa gefið sér tíma til að mæta hingað til okkar í dag. Ég heiti Áshildur Sturludóttir og ætla að stýra fundinum hérna í dag. Ég er þakklát fyrir þessa mætingu sem ég hygg sýni vel áhugann og mikilvægi þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem framundan er.

Þessi fundur er haldinn á vegum Áfram Ísland sem hafa farið í hringferð um landið með fundi til þess að kynna málstað sinn. Við erum jákvæðir nei sinnar sem höfum trú á Íslandi, trú á þjóðinni og treystum samfélaginu okkar. Við erum ung þjóð sem er vel menntuð og hefur sótt fram þannig að eftir hefur verið tekið. Við vorum eitt fátækasta ríki Evrópu en nú erum við meðal þeirra ríkustu.

Við börðumst hart fyrir fullveldi okkar á sjálfstæði og ég tel að við séum fullfær um að vera áfram okkar fyrirsvarsmenn. Það er stór hópur sjálfboðaliða sem hefur unnið að fundinum hér í dag því að ekkert gerist sjálfkrafa. Og fyrir það vil ég þakka. Ég hvet ykkur sömuleiðis til þess að skoða heimasíðuna aframisland.is og kynna ykkur það ítarlega efni sem þar er varðandi Evrópusambandið og Ísland.

Aftur. Við erum jákvæðir nei sinnar. Við viljum jákvæða og uppbyggilega umræðu sem er byggð á staðreyndum og rökum. Enn að fundinum. Hingað er mætt stórskotalið til þess að ræða hvers vegna ástæða er til að segja nei við spurningu ríkisstjórnarinnar 29. ágúst næstkomandi en þau eru Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar stéttarfélags, Steingrímur Joð Sigfússon fyrrverandi alþingismaður og ráðherra og herra Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands.

Áður en ég hleypi þessu góða fólki að langar mig til þess að nota tækifærið sem fundarstjóri og koma mínum skoðunum að. Ég hef verið einörð í minni andstöðu gagnvart inngöngu Íslands í ESB síðan ég lærði evrópufræði fyrir ríflega 20 árum síðan. Ekki það Evrópusambandið er ekkert alvont síður en svo og það hentar sumum þjóðum öðrum ekki. Það hentar til dæmis ekki Sviss, Lichtenstein og Noregi sem eru hluti af EFTA og einhver ástæða er fyrir því.

Öll eiga þau það sameiginlegt að vera eins og Ísland, rík lönd sem meta sjálfsákvörðunarrétt sinn mikils. Þessi lönd hafa ekki frekar en Ísland talið nauðsynlegt að vera partur af ESB. Þau eins og við hafa álitið að þau fái allt sem þau þurfa með EES samningnum og hagsmun þeirra sé betur borgið utan, frekar en innan ESB. Og mín ástæða grundvallast enn fremur af nokkrum þáttum og ég vil nefna nokkra.

Í fyrsta lagi tel ég að fullveldisréttur hverrar þjóðar sé svo dýrmætur að það sé hættulegur leikur að fara af stað í ferli sem felur í sér að gefa upp þau réttindi. Við börðumst lengi fyrir fullveldi og sjálfstæði og að við séum tilbúin til þess að fórna yfirráðum yfir lög löggjafaldi, framkvæmdavaldi og dómsvaldi fyrir þátttöku í ESB veislunni er mér gjörsamlega óskiljanlegt. Fullveldi er ekki eitthvað sem skipti bara máli fyrir 100 árum síðan. Það skiptir enn máli og mun um alla framtíð.

Það snýst um hver ræður og hver tekur ákvarðanir og það tel ég að Íslendingar vilji sjálfir gera. Í öðru lagi er það vegna auðlinda landsins. Íslenskt hagkerfi er auðlindadrifið. Okkar auður byggir á landi, vatni, jarðhita og lífríki sjávar. Ég hef hvergi séð að leiðtogar þjóðarinnar hafi sett skýrt strik í sandinn varðandi full og ævarandi yfirráð yfir þeim. Á meðan svo er þá get ég aldrei stutt þessa vegferð.

Framtíðarstríð verða háð um vatn, orku og mat. Þá er mikilvægt að þjóðin okkar ráði yfir sínum eigin auðlindum og stjórni þeim. Í mínum huga er einnig varasamt að afleggja landbúnað í þeirri mynd sem við þekkjum hér á landi. Það er hættulegt að við séum okkur ekki nóg um matvæli. Matvælaöryggi er ekki eitthvað sem á að hafa í flimtingum.

Það er enn fremur blekkingarleikur og hrein móðgun við bændur að halda að það sé eftirsóknarvert að lifa af styrkjum einum saman. Í þriðja lagi grundvallast afstaða mín af þeirri staðreynd að laun eru lægri í velflestum ríkjum ESB en hér á landi og víða er umtalsvert atvinnuleysi. Atvinnuleysi er eitthvað sem hentar okkar þjóð illa og þau tímabil þar sem atvinnuleysi hefur verið mikið hafa verið landinu þung. Það hentar Íslendingum illa að vera á framfæri annarra. Það er ekki í okkar eðli.

Há laun á Íslandi hafa enn fremur orðið til þess að ríkisborgar annarra Evrópuríkja sækjast í að koma hingað og sinna fjölbreyttum störfum sem við náum ekki að manna. Innganga mun líklega breyta þeirri stöðu. Í fjórða lagi er það staðreynd að við verðum væntanlega netto og

inngreiðendur þar við munum greiða meira inn til sambandsins en við fáum út úr hinum sameiginlegu sjóðum.

Auðvitað stöndum við með þeim sem minna mega sín, en meðan við getum ekki þjónustað okkar eigin borgara þá er hæpið að senda milljarða úr landi til annarra þjóða en þeirra sem við höfum þegar skuldbundið okkur til að styðja. Það er þungt að greiða sirka 50 milljarða á ári inn til ESB nema atvinnulífið verði þeim mun öflugra. En ef það á að vængstífa sjávarútveginn til dæmis og landbúnaðinn þá verður það þungt.

Við verðum ein ríkasta þjóð ESB ef við göngum inn. Þær þjóðir sem sækja um inngöngu nú um stundir eru í allt annarri stöðu en við. Að endingu. Við höfum síðustu ár glímt við náttúruhamfarir og heimsfaraldur. Það hefur orðið til þess að við höfum orðið fyrir efnahagslegum hamförum samfara.

Að hlaupa þá til og telja að innganga í Evrópusambandið muni bjarga öllu hér svo sem lækka vexti og húsnæðisverð er í besta falli tálsýn. Við þurfum að byrja á því að taka til heima hjá okkur og koma efnahagslífinu á réttan kjöl. Í mínum huga er þessi vegferð bæði orku og peningasóun. Næstu árin höfum við í alvöru efni á því að bæta ríflega 200 starfsmönnum inn í ráðuneytinu okkar til þess eins að sinna inngöngu í sambandið. Er það í alvöru skynsamlegt, þegar við getum ekki einu sinni haldið upp í sómasamlegu heilbrigðiskerfi, menntakerfi nú eða innviðum?

Í mínum huga er þetta sóun á orku og fjármunum. Kæru fundarmenn, í dag lítum við landsbyggðarfólk svo á að því miður fái tali fyrir okkar hagsmunum. Hvernig verður það þá við inngöngu í ESB? Ég er ekki bjartsýn því auðvitað er hver sjálfum sér næstur. En ég ætla að láta staðar numið hér að láta ykkur vita af mínum skoðunum hér í dag. Ég held að það sé betra að fá okkar góðu gesti. Og ég vil byrja á því að bjóða velkomna í pontu Sólveigu Önnu Jónsdóttur formann Eflingar Stéttarfélags. Sólveig gjörðu svo vel.

Tími 19:25

Sólveig Anna: Komiði sæl, kæru fundargestir. Það er mér mikill heiður að fá að hitta ykkur hér í dag og ræða afstöðu mína til mikilvægis íslenskrar verkalýðsbaráttu í samhengi við Evrópusambandsumræðuna. Saga sjálfstæðis Íslands er iðurlega sögð sem saga af baráttu við erlent vald um draum Íslendinga um sjálfstæði, um að vera þjóð á meðal þjóða, um fullveldi, stjórnarskrá og þá merku ákvörðun sem fólk á meðal okkar sumt man sjálft eftir, þegar að loks var stofnað lýðveldi á Þingvöllum, meðan að seinni heimsstyrjöldin geysaði enn um alla veröld.

Við þekkjum öll þessa sögu enda er hún sagan okkar af smæð og fátækt og ótrúlega erfiðum aðstæðum og saga af sterkum vilja sem lifir í hjörum alls konar fólks vegna umróts vegna byltinga og mannkynssögulegra breytinga á alþjóðavettvangi en líka vegna þeirrar sam-mannlegu þrá að upplifa eitthvað sem við köllum frelsi það að þurfa ekki að lúta valdi annarra,

þurfi ekki að þola að eigin vilji, eigin skilningur á eigin aðstæðum, verði undirsettur skipunum og vilja annarra.

Í þessari stóru sögu sem við höfum sem þjóð sammælst um að segja sem okkar er ekki pláss fyrir marga karaktera og marga vegi sem eru gengnir af alls konar fólki. Konur sjást til dæmis sjaldan. Ég grína stundum með að hinir og þessir atburðir hafi átt sér stað áður en að menn fundu upp konuna. Embættismenn og alþingismenn eiga sviðið.

Menn sem nutu þeirra forréttinda að hafa aðgang að menntun og menningu og þurfa ekki að strita til þess að sjá fyrir sér og sínum. En saga sjálfstæðis landsins er líka saga af íslensku alþýðufólki þeirra sem að hafa ávallt verið og eru enn um ókomna tíð undirstöður sjálfrar verðmæta framleiðslunnar.

Þau sem unnu baki brotnu og þekktu ekki annað en strit. Barátta þeirra og barátta þjóðarinnar fyrir sjálfstæði eru ekki tvær aðskildar fagnir heldur tvær hliðar sömu sögu. Hver er það sem ræður og í þágu hverra er valdinu beitt. Á 19. öld snerist sjálfstæðisbaráttan fyrst og fremst um stöðu Íslands gagnvart Danmörku. Endurreisn Alþingis, stjórnarskráin, heimastjórn voru mikilvæg skref. Með þeim kom aukið sjálfstæði á alþjóðavettvangi. En fyrir alþýðufólk höfðu þessi skref engin materíalísk áhrif. Aukinn réttur landsins færði fátæku fólki ekkert.

Raunveruleg völd til að knýja á um mannsæmandi tilveruskilyrði. Barátta fyrir slíku er barátta sem þurfti að heyja innan sjálfs þjóðríkisins. En þar líkt og í sjálfstæðisbaráttunni þurfti sterkan vilja og þrautseigju og sem betur fer var slíkt til staðar. Ný tegund pólitískrar baráttu sem líkt og sjálfstæðisbaráttan var innblásin og mótuð af atburðum á alþjóðavettvangi varð til á landinu.

Verkamenn hér líkt og í öðrum löndum Evrópu komu saman og stofnuðu félög. Þeir höfðu öðlast þann mikilvæga skilning að einstaklingurinn má sín lítils gegn valdi auðsins en að sameinað getur alþýðufólk unnið stóra sigra. Þessir einstaklingar stofnuðu um leið og nútíminn hóf innreið sína í samfélagið með breytingum á atvinnuháttum félög til þess að semja ekki aðeins um verð á vinnuaflinu, þeirri einstöku vöru, heldur einnig til þess að semja um það að þeir ættu skilið virðingu réttindi og viðurkenningu á því að verkafólk ætti að hafa áhrif á samfélagið allt.

Stofnun fyrstu verkalýðsfélaganna og svo Alþýðusambandsins fyrir 110 árum síðan markaði stórkostleg tímamót. Um leið og unnið var að stjórnskipunarlögum og fullveldi landsins barðist fátækt fólk fyrir því að lifa frjálst undan oki arðránsins. Þau voru vissulega innblásin af heimsögulegum atburðum en mögulega voru þau fyrst og fremst innblásin af þjóðlegum atburðum.

Hvað er fullveldi? Já það er fáni, það eru landamæri, það eru yfirráð, yfirhafi, ám, fossum, stokkum og steinum. En það getur líka verið efnahagslegt réttlæti, bræðralag og bjargföst trú á að allt fólk sé skapað jafnt. Allir eigi að leggja til eftir getu og uppskera eftir þörfum. Þessi merka

barátta stigmagnaðist á kreppuárunum þegar verkamenn komu saman við Góðtemplarahúsið til að mótmæla fyrirhuguðum launalækkunum á atvinnubótavinnu bæjarins og lögreglan ræðst að þeim.

Snérust átökin um hvort að svara ætti neyð alþýðufólks með meiri kúgun eða réttlæti og hin augljósi sannleikur er sá að barátta fyrir fullveldi þarf ekki að innihalda skil skilning á og stuðning við alþýðufólk. Barátta fyrir sjálfstæði og fullveldi er ekki sjálfkrafa barátta um að útbúa réttlát ríki. Þetta sá verkafólk og þess vegna þurfti það sjálft að berjast inn í sínu eigin landi. En með því að gefast aldrei upp þá gat verkafólk skapað pólitískan vilja til að reisa hér velferðarsamfélag.

Þetta fólk var með skýra sýn á tvennt. Sjálfstæði landsins og mótun samfélagsins, félagsleg úrræði, atvinnustefna, réttindabarátta og húsnæðismál. Þegar lýðveldið var stofnað náðist við stóra stjórnskipulega markmið sjálfstæðisbaráttunnar. En fyrir verkafólk lauk baráttunni ekki þar. En þurfti að spyrja því fyrir hverja lýðveldið væri.

Var það samfélag þar sem alþýðufólk fékk tækifæri til að blómstra eða var það samfélag þar sem að stéttskipting ríkti og efnahagslegt vald fárra yfir afkomu fjöldans varð að óumdeilanlegu lögmáli. Eftirstríðsárin og uppbygging velferðar og félagslegra réttinda eru lykilþáttur í þessari sögu íslenskrar alþýðu. Atvinnuleysistryggingar, almannatryggingar og aukið félagslegt öryggi urðu smám saman hluti af samfélagsgerðinni og þar tóku stéttarfélag sér miðlæga stöðu.

Og þetta var ekki aukaatriði fyrir sjálfstæða þjóð. Nei þvert á móti var sjálfstæðið meðal annars notað til þess að tryggja þessi atriði sem að skiptu alþýðufólk svo miklu máli og við hljótum öll að vera stolt af þessari sögu vegna þess að hún er merkileg og hún er í raun ótrúleg.

Kæru fundargestir, þegar við horfum út í heim til landa Evrópu og veltum fyrir okkur stöðu verkalýðshreyfingarinnar þar og stöðu vinnuaflsins þá sjáum við með mjög skýrum hætti að íslenska vinnumarkaðsmódelið margumrædda stendur mjög sterkt. Staðreyndin er sú að á Íslandi er stéttarfélagsaðild mjög há. Kjarasamningar ná til alls vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingin hefur pólitískt og samfélagslegt vægi.

Í mörgum og í raun vel flestum löndum Evrópu hefur þróunin því miður verið önnur. Þar hefur stéttarfélagsaðild dalað. Vinnumarkaður er sundraður. Samningsstaða verkafólks er mjög veik. Kjarasamningsumgjörðin hún nær mjög illa til láglaunageiranna og til allra innflytjendanna og sums staðar hefur vissulega löggjöf ríkisins komið að hluta í stað þessarar samningsstöðu sem að við höfum sem getur vissulega tryggt lágmarksréttindi en veikir þó getu launa fólks til þess að móta sín kjör með lýðræðislegum hætti.

Og það sem gerir íslenska vinnumarkaðsmódelið svo sterkt er einmitt þessi samsetning öflug stéttarfélög, víðtæk kjarasamningsgerð sterk hefð fyrir samstöðu og samfélagsleg viðurkenning á því að launafólk eigi að hafa skipulagt mótvægi gegn atvinnurekendum og fjármagni.

Og þarna erum við ekki aðeins að ræða tæknilegt fyrirkomulag eða skipulag vinnumarkaðar. Við erum að tala um lýðræðislegt fyrirkomulag og kannski er það svo að þessi staða einstök á heimsvísu er einmitt komin til vegna smæðarinnar. Kannski er ekki hægt nema í svo fámennu samfélagi þar sem að þrátt fyrir stéttskiptingu og misskiptinguna sem henni fylgir er hægt fyrir verkafólk að vera sýnilegt, að á endanum er ekki annað hægt en að hlusta á okkur og virða kröfur okkar.

Ég held því fram. Nei ég fullyrði að þegar litið er til hagsmuna verkafólks eigum við besta vinnumarkaðsmódel Evrópu. Kerfið okkar það hvílir á mjög mikilli lagalegri vernd. Það byggir á hárri aðildaréttarfélögum þeirri mestu á byggðu bóli og kjarasamningarnir sem við gerum eru í raun lög í landinu. Módelið okkar byggir ekki á því að best sé að hafa vinnuaflið sem sveigjanlegast í þágu samkeppnishæfni atvinnulífsins heldur viðurkenningu á mannréttindum og óumdeilanlegu mikilvægi vinnuaflsins og ef að við sjálf erum öflug þá getum við í gegnum kjarasamningsgerð tryggt að afrakstur verðmætasköpunar skili sér raunverulega til þeirra sem vinna vinnuna

Og þess vegna segi ég að það er svo mikið mikilvægt fyrir verkafólk á Íslandi að halda í íslenska módelið og það þýðir að sjálfsögðu ekki að við ætlum að hafna allri alþjóðlegri samvinnu og það þýðir að sjálfsögðu ekki að við ætlum hér að hamla því að fólk geti flutt sig á milli landa til þess að stunda vinnu. Nei það þýðir að við ætlum að setja þá grundvallarkröfu að allir sem að vinna á íslensku vinnumarkaði búi við sömu réttindi og sömu vernd. Þetta snýst um að verja íslenska vinnumarkaðsmódelið og það í mínum huga er nútíma sjálfstæðisbarátta og þessi barátta snýst ekki um að loka landinu.

Hún snýst um að halda í lýðræðislegt vald samfélagsins yfir grundvallarskilyrðum vinnunnar. Rétt eins og fyrri kynslóðir Íslendinga börðust fyrir stjórnskipulegu sjálfstæði, yfirráðum yfir auðlindum og félagslegum réttindum stendur verkafólk hér á þessu landi nú frammi fyrir þeirri spurningu hvort að vinnumarkaðurinn eigi að lúta reglum sem að við sjálf setjum eða vera mótaður af samkeppni Evrópusambandsins niður á við.

Kæru fundargestir, ég hef iðulega gagnrýnt íslenska vinnumarkaðsmódelið harðlega. Ég hef gagnrýnt stofnanavæðingu verkliðshreyfingarinnar, yfirtöku fagmenntastéttanna á vinnu félaganna og allri nálgun í kjarasamningsgerð. Ég hef gagnrýnt áhugaleysi hreyfingarinnar af því að endurnýjast og viljaleysið sem að mér finnst ég oft sjá til að gæta í einu og öllu að gildum lýðræðisins í störfum félaganna.

Og ég hef að sjálfsögðu iðulega gagnrýnt tilraunina til að jaðarsetja verkafólk inn í hreyfingunni. En þrátt fyrir þessa gagnrýni segi ég að staðreyndin er sú að vegna þess hvernig vinnumarkaðsmódelið okkar er uppbyggt og af hverju við eigum það hvernig það er tilkomið vegna fyrrnefndra ríkulegra lagalegra réttinda, er staðreyndin sú og sumir vilja kannski ekki

heyra þetta að fólk eins og ég og félagar mínir getum stjórnað stærsta félagi verkafólks á landinu vegna þess að reglur lýðræðisins og vinnubrögð eru skrifuð inn í lög og reglur stéttarfélaganna og lög og reglur þjóðríkisins er hægt ef vilji fyrir hendi að nota verkalýðsfélögin til að gera það sem að þau voru í raun sköpuð til að gera.

Inn í vinnumarkaðsmódelinu okkar er þessi saga og við eigum að varðveita það eins og við viljum varðveita til dæmis íslenska náttúru. Náttúruna skóp mannfólk ekki en við eigum hana samt. Og staðreyndin er sú að sumt af því sem manneskjur hafa útbúið er líka þess virði að geyma og vernda. Ekki bara sú menning sem við köllum list heldur líka sú menning sem var til vegna þeirra stóru hugsjóna og þess mikla vilja sem bjó í hjörum og hugum fátæks fólks sem þrátt fyrir allt trúði á eigin virði - virði barnanna sinna og virði þess að fá að lifa frjáls í sínu eigin landi.

Þegar ég var lítil stelpa þá sagði mamma mín oft við mig: "Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir." Og það tók mig dálítið langan tíma að skilja hvað hún átti við. Og mér fannst þetta hljóma kalt og svolítið grimmt og ólíkt henni. Og ég hugsaði oft með mér þegar hún sagði þetta enn eina ferðina. Er þetta ekki akkúrat andstæða samstöðunnar? Er þetta ekki andstæða alls sem við kommúnistarnir eigum að standa fyrir?

En svo varð ég fullorðin og öðlaðist lífsreynslu. Og þegar maður verður fullorðinn og þarf að halda heimili og þarf að ala upp börn, mæta í vinnu og standa af sér ýmis áföll þá fer maður að skilja þessi orð öðruvísi. Þá förum við að skilja að enginn gerir þessa hluti fyrir mann. Þá förum við að skilja að það erum við sjálf sem verðum að axla ábyrgð á eigin lífi og stíga fram. Við sjálf verðum að taka skrefið. Við sjálf verðum að sýna þrautseigju, dugnað og vilja til að gefast ekki upp, því að það er á endanum það eina sem að skilar árangri.

Og þetta á ekki bara við um einstaklinga. Þetta á líka við um þjóðir. Þjóð sem vill vera sjálfstæð getur ekki beðið aðra um að hugsa fyrir sig. Hún getur ekki afhent öðrum valdið yfir landinu sínu, auðlindunum sínum, vinnumarkaðnum sínum og framtíðinni sinni og látið svo eins og sjálfstæðið sé samt óskert. Því það er augljóslega ekki þannig sem þetta virkar.

Sjálfstæðið er ekki fáni sem við drögum að húni einu sinni á ári. Sjálfstæði er vald. Sjálfstæði er ábyrgð og sjálfstæði er réttinn til að ráða okkur sjálf. Og af þessum ástæðum eigum við ekki að ganga í Evrópusambandið. Ekki vegna þess að við óttumst um heiminn og ekki af því að við höldum að Ísland eigi að lifa í sjálfum glaðri þjóðernisþoku, heldur vegna þess að við vitum að réttindi vinnandi fólks, yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindum, möguleiki almennings til að hafa raunverulega áhrif á samfélagið veikjast þegar valdið færist lengra frá fólkinu og nær kerfum sem almenningur getur ekki stjórnað.

Og við vitum líka að það sem við eigum hér á þessu landi það sem að hér hefur verið byggt upp með harðri og langri baráttu verkafólks varð ekki til af sjálfu sér. Og það varð ekki til vegna þess að embættismenn erlendis hugsuðu hlýlega til íslensks verkafólks.

Það varð til vegna þess að fólk skipulagði sig, fólk stóð saman og fólk þorði að segja nei og þess vegna eigum við að þora að segja nei við aðild að Evrópusambandinu. Það sem er einstakt við Ísland það skiptir okkur máli. Það skiptir okkur máli að hér hafi verkliðshreyfingin verið sterk. Og það skiptir okkur máli að hér sé enn lifandi sú hugmynd að samfélagið okkar eigi að þjóna okkur, fólkinu í þessu landi, en ekki bara markaðnum.

Og staðreyndin er sú að það sem er einstakt í mannlegri tilveru það ver sig ekki sjálft. Það lifir aðeins ef að einhver er tilbúinn til þess að standa vörð um það. Sjálfstæði þjóðarinnar fékk ekki gefins og réttindi verkafólks fengust ekki gefins. Yfirráð yfir auðlindum fengust ekki gefins allt þetta kostaði baráttu og það er arfleiðin okkar. Og arfleið er ekki eitthvað sem við ætlum að geyma í skúffu og dusta svo ríkið af á tyllidögum.

Arfleið er lifandi og hún segir okkur að við eigum að skilja samfélagið okkar eftir. Samfélag sem er réttlátara, sterkara og frjálsara en það sem við tókum við. Og við eigum ekki að skammast okkar fyrir það að vilja verja landið okkar, réttindin okkar og samfélagsgerðina okkar. Við eigum ekki að skammast okkur fyrir það að vilja ráða okkur sjálf og við eigum ekki að skammast okkur fyrir það að segja að lýðræði verði að vera raunverulegt og verði að vera nálægt okkur.

Þvert á móti eigum við að vera stolt af því að standa vörð um sjálfstæðið. Við eigum að vera stolt af því að ætla að verja rétt verkafólks og við eigum að skilja að þetta tvennt er samofið. Réttindi verkafólks sem ekki eru varin af pólitískum vilja og samstöðu eru í hættu stödd. Það sjáum við í löndunum alls staðar í kringum okkur og þess vegna er þessi barátta sameiginleg barátta fyrir sjálfstæði, fyrir réttlæti og fyrir valdi og síðast en ekki síst fyrir frelsi. Og af öllum þessum ástæðum og mörgum fleirum sem ég ætla ekki að rekja hér ætla ég þann 29. Ágúst næstkomandi að segja nei. Takk fyrir.

Ásthildur: Takk fyrir þessa skörulegu ræðu Sólveig Anna. Það var afar gott að þú skyldir fara í … fara yfir söguna og hvernig við höfum náð þeirri stöðu - þessi þjóð, þessi litla þjóð sem raunber vitni. Og það var sömuleiðis gott að hún ræddi um vinnumarkaðsmódelið og hversu einstakt það er í Evrópu og í raun og veru í heiminum. Og takk fyrir það. En næstan vil ég bjóða velkomin í Pontu Steingrím Joð Sigfússon fyrrverandi alþingismann og ráðherra. Gjörðu svo vel Steingrímur.

Tími 40:43

Steingrímur: Já. Fundarstjóri góðir fundarmenn. Það er gaman að koma á svona fjölmennan fund. og það rifja upp ýmsar góðar minningar í mínu tilviki hér í höfuðstað míns gamla góða kjördæmis eða kjördæma og það á gömlu góðu kæru Akureyri. Það er líka

ánægjulegt að sjá hvað hér er vel mætt þessi mikla fundarsókn vegna þess að hún er til marks um það að margir taka þetta mál alvarlega átta sig á því að það er stórt og það fylgir því mikil ábyrgð að taka þátt í að ákveða hvaða kost ísland velur.

Það er mikilvægt að fólk setji sig eins vel inn í þetta mál eins og kostur er. Skyggnst undir yfirborðið og reyna að sjá í gegnum þokuna, upplýsinga óreiðuna það sem er raunverulegt og efnislegt hér undir. Mér virðast margir tala eins og það fylgir því engin ábyrgð og það sé með öllu áhættulaust að segja já. Einnig ef markað má kynningarefni frá já hreyfingunni, samanber innslag í sjónvarpinu í gærkvöldi, að já hafi í sjálfu sér ekkert með það að gera hvort menn telja að Ísland eiga eigi að ganga í Evrópusambandið eða ekki.

Það séu tveir algjörlega aðskildir hlutir. Kynnir á vegum já hreyfingarinnar í upphafi þáttarins í gær eyddi miklu púðri í að reyna að aftengja afstöðu manna til aðildar. Því að hoppa á vagninn. Segja já til að sjá rétt eins og þetta sé saklaus og einföld æfing svona eins og að bregða sér inn í búð og máta föt eða sjá hvað er í hillunum.

Að mínu mati snýr ábyrgðin hér akkúrat öfugt. Þeir sem segja já eru að samþykkja að Ísland leggi upp í mikinn óvissu leiðangur. Eru að samþykkja langt og dýrt ferli sem skapar óvissu um hver verði framtíðarstaða Íslands jafnvel til margra ára.

Ég skil það mjög vel að þeir sem eru eindregið þeirrar skoðunar að við eigum að vera innan Evrópusambandsins segi já. En hvers vegna í ósköpunum ættum við að gera það sem eru þeirrar skoðunar að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins.

Og hvers vegna ættu þeir sem hafa miklar efasemdir um ágæti þess að ganga í Evrópusambandið að segja já. Mér finnst þetta af hálfu já hliðarinnar vera tilraun til þess að snúa eðlilegri sönnunarbyrði við. Hvað mig varðar og ég tek fram að ég tala hér fyrst og fremst fyrir mig og mína skoðun. Ég er hér ekki á vegum eins eða neins nema sjálfs mín.

Þá liggur í öllum aðalatriðum fyrir hvað það þýðir að gerast aðili að Evrópusambandinu, hvað Ísland lætur af hendi, hvað það fær mögulega eða vonandi í þá og hvað við með okkar háu þjóðartekjur myndum leggja að mörkum. Nei þýðir einfaldlega að Ísland heldur óbreyttri stöðu. Við vitum hvað við höfum í hendi. Við höldum áfram okkar vegferð. Engin óviss skapast um stöðu landsins í alþjóðlegu tilliti.

Og þess vegna segi ég þær - þeirra sem vilja breyta um kúrs. Að rökstyðja hvers vegna ættum við að gera það. og það finnst mér já hliðinni ekki hafa tekist með neinum sannfærandi hætti. En ég ætla að snúa mér beint að viðfangsefninu sjálfu og rökstyðja hvers vegna ég mun segja nei. Og ástæða þess reyndar að ég yfir höfuð blanda mér í þetta sem hef lagt frá mér vopnin fyrir allöngu í stjórnmálum er annars vegar sú að fjöldi fólks hefur reynst forvitið um mína niðurstöðu og spurt mig og margir hafa haft við mig samband og viljað fá þetta upp á yfirborðið.

Og ég hef sagt það er ekkert feimnismál og ekkert leyndarmál að ég ætla að segja nei og ég tel þá niðurstöðu mína að vera vel ígrundaða. Hún ræðst af mörgu, mjög mörgu sem ég hef ekki tíma til að fara yfir hér en tvennt vegur þó þyngst. Það er annars vegar þetta að ég er fyrir skoðunar við eigum ekki gang í Evrópusambandið. Ég tel að það þjóni ekki best okkar hagsmun.

Ég held að hagsmunum Íslands sé betur borgið og það falli betur að okkar sérstöðu, sögu, landfræðilegu legu og fleiri þáttum að standa utan þess. Náið samstarf er að sjálfsögðu nauðsynlegt og eðlilegt við granna okkar í allar áttir en það breytir ekki því að til þess þurfum við ekki að ganga í Evrópusambandið og í raun takmarkar það frekar en hitt svigrúm okkar í þeim efnum.

Þetta snýst bara um það hvaða form slíkrar samvinnu teljum við að hendi best litla, auðlindaríka og nýlega sjálfstæða Íslandi. Því viðerum auðvitað í raun og veru nýlega sjálfstæð þjóð og tilraunin um sjálfstætt Ísland hefur ekkert staðið óskaplega lengi. Hún hefur gengið vel og ég kem betur að því síðar.

En hin megin ástæða mín fyrir því að segja nei og leggja nú aftur upp í svona leiðangur aftur umsókn og eða aðildarviðræður er sú að ég hef afar takmarkaða trú á því að ferðalagið verði þess virði skili nokkrum teljandi árangri eða upplýsingum um fram það sem þegar liggur fyrir. Og af hverju segi ég þetta?

Jú það grundvallast meðal annars á nokkurri reynslu. Býsna dýrkeyptri í mínu tilviki. Stöðu viðræðna við Evrópusambandið í fyrri tilraun árin 2009 til 2012. Viðræðurnar komust af stað á öndverðu árið 2010 og þær hjökkuðu í þrjú ár uns þeim var hætt 2012 eða gert á þeim hlé. Og það er ekki nema fáein ár síðan við tókum þessa æfingu. Þá birtist hvernig ferlið gengur fyrir sig.

Það gekk vel með málaflokka sem falla innan EES samningsins - eðlilega. Þá var bara verið að haka í boxin og tékka á því. Er Ísland búið að innleiða þetta með réttum hætti? En það gekk lítið sem ekkert í málaflokkum sem sneru að mikilvægustu hagsmunum Íslendinga. Það var nú bara þannig. Undir árslok 2012 voru meðal annars sjávarútvegsmálin, landbúnaðarmálin, dýraheilbrigði, iðnaður, ferðaþjónustu og margt fleira í mínum höndum. Því við Jóhanna höfðum hrúgað saman í gríðar stórt ráðuneyti sem hét Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið.

Ég hafði því á þessum tíma í nóvember desember 2012 mjög nákvæmt yfirlit yfir það hvernig þessir hlutir stóðu í viðræðunum við Evrópusambandið. og það var nákvæmlega svona. Evrópusambandið hafði ekki opnað þessa kafla. Fátt ef nokkuð benti til þess undir lok árs 2012 að við værum að ná einhverju gegnumbroti með okkar aðalsamningsmarkmið í sjávarútvegs, landbúnaðar, byggða, dýra og plöntuheilbrigðismálum og mörgu fleiru.

Mikilvægustu kaflarnir stóðu fastir, óopnaðir og ekki ástæðulausu. Þarna bar langmest í milli. Þarna viku okkar skýru samningsmarkmið mest frá grunnreglum Evrópusambandsins undir

liggur og lá og liggur auðvitað enn hin mikla sérstaða Íslands þegar að þessu kemur og ég hef ekkert í hendi sem færir mér sannir um að eitthvað hafi breyst í þessum grundvallaratriðum

Er staðan eins ef ekki heldur verri því Evrópusambandið sjálft hefur breyst á þessum tíma og frekar hert en hitt á kröfunum til nýrra aðildarríkja. Þannig að ég held að þetta verði ekki þess tíma þeirrar orku og þeirra fjármuna sem í þetta myndu fara. Og ef við förum nú aðrir aðeins yfir það og stödd hér á Akureyri og í Eyjafirði þar sem er gríðarlega öflugt og mikilvægt landbúnaðarsamfélag og ein af öflugustu sjávarútvegs miðstöðvum Íslands. Þá ætla ég að halda mig fyrst og fremst við þá málaflokka.

Förum aðeins yfir það, hvernig passar þetta við Evrópusambandið eins og það er í dag uh með breytingum sem gerðar hafa verið á stofnsáttmálunum og eftir hvað það nú heitir Mastricht og Lissabon og allt það og að teknu tilliti til dómaframkvæmda Evrópudómstólsins á umliðnum árum, því þær skipta hér máli. Spyrjiði Breta sem voru að reyna að koma í veg fyrir kvótahopp og ýmislegt í sjávarútveginum og fengu Evrópudómstólinn í hausinn.

Ef við tökum sjávarútveginn þá er það að mínu mati fyrst og fremst eða kannski sérstaklega þrennt sem skiptir höfuðmáli. Það er í fyrsta lagi að Ísland og öll íslenska sér efnahagslögsagan verði skilgreind sem sjálfstætt fiskveiðistjórnarsvæði sem lúti okkar forræði

Og því nátengt í öðru lagi að við héldum sjálf samningsforræði um okkar hlutdeild í deilistofnum og gætum gert tvíhliða samninga við grannríki á okkar forsendum eða hvernig líst mönnum á þá framtíð sem hinn kosturinn yrði að Evrópusambandið sjávarútvegs-kommessarinn í Brussel myndi semja við Færeyinga og Grænlendinga fyrir okkar hönd?

Það yrði niðurstaðan ef við héldum ekki þessum samningsrétti og þessi samningsréttur er ekki bara mikilvægur í dag eins og hann var áður, hann verður áfram mjög mikilvægur því samninga þarf að endurnýja og þeir geta breyst

Í þriðja lagi verðum við að geta haldið í fjárfestingatakmarkanir eða haft önnur tæki til þess að verjast erlendu eignarhaldi í veiðum og frumvinnslu sjávarfurða. Það er algjörlega nauðsynlegt til þess að geta staðið vörð um það að afrakstur þessarar dýrmætu auðlindar endi hjá okkur sjálfum í eins miklu mæli og mögulegt er og skapi störf hér á Íslandi en ekki erlendis.

Og hvað kallar þetta á? Jú augljóslega yrðum við að fá varanlega undanþágu frá kjarnaatriðum. í sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. „CFP common fisheries policy“ það dugar ekkert minna og svo bara gerir hver það upp við sig hvort hann telur það líklegt.

Hvað varðar landbúnaðinn nefna margir fyrst bann við innflutningi lifandi dýra eða takmarkanir til að verja okkar stofna. En málið er miklu víðtækari en það þegar kemur að landbúnaðinum ef öll tollvernd fyrir innlenda framleiðslu fellur niður gagnvart ESB svæðinu og í raun og veru

kannski miklu stærra svæði en því samanber fríverslunarsamninga Evrópusambandsins nú við gríðarlega öflug landbúnaðarlönd til dæmis í Suður-Ameríku

Þá erum við kannski ekki bara að keppa við innflutning frá Evrópu heldur í gegnum fríverslunarsamning ESB við Argentínu um nautakjöt og svo framvegis. Það að tollverndin falli öll niður kallar á algerlega endurskoðun á öllu stuðningskerfi landbúnaðarins á Íslandi. Tollverndin sem að vísu hefur farið rýrnandi undanfarin ár er samt gróft reiknuð upp undir helmingur af stuðningnum í heild við landbúnaðinn.

Þá segja sumir þetta verður ekkert vandamál því landbúnaðurinn á Íslandi verður allur skilgreindur sem há norræn eins og norðurhéruðin í Finnlandi og Svíþjóð. Já kannski yrði það. Það er hugsanlegt. En hvað þýðir það þá? Það þýðir fyrst og fremst það að við fáum einhverjar heimildir til að greiða sjálf úr eigin vasa viðbótarstuðning ofan á styrki Evrópusambandsins. Það er bara það. Og að halda menn að það sé í hendi að það verði pólitískur vilji til þess á Íslandi að tvöfalda til þrefalda umfang stuðnings við landbúnaðinn yfir fjárlög?

Ég held að hann sé ekki í hendi. Svo er það fyrirkomulag stuðningsins sem er í grundvallaratriðum ólíkt á Íslandi heldur en í Evrópusambandi. Og ég fæ ekki betur séð þegar ég fer yfir þetta allt en að komast að þeirri niðurstöðu að við þurfum líka ef þetta ætti að vera einhver glóra varanlega undanþágu frá mjög veiga miklum atriðum í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

Og erfiður sem fiskurinn er, þá er landbúnaðurinn ennþá flóknari í samskiptum innan Evrópusambandsins. Þannig að svona lít ég á þetta hvað varðar þessar tvær mikilvægu atvinnugreinar og vel að merkja hvar eru skýrt skilgreind samningsmarkmið Íslands núna?

Það voru þó þau að minnsta kosti þó 2009 og má að öðruleiti margt segja um það ferli en þar lágu samningsmarkmið Íslands alveg skýrt fyrir í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar. Ég hef kannski ekki fylgst nógu vel með eða lesið mér nógu vel til en mér heyrist að ég sé ekki einn um að finnast þetta vera í dálítilli þoku núna. Hvað á eiginlega að fara að semja um ef menn segja já?

Og ég bendi líka á í þessu sambandi að það er mikilvægt að átta sig á því að samnings rými, samningssvigrúm Evrópusambandsins er mjög takmarkað bæði vegna grunnreglunnar sem þar eru en líka vegna baklandsins í aðildarríkjunum. Þó að ýmsir í Brussel kynna hafa áhuga á því að fá Ísland inn sem fullgildan aðila kannski aðallega tveimur ástæðum af því að við erum fullgildir aðilar af heimsskautaráðinu og Evrópusambandið gæti gert sig aðeins breiðara á því sviði með Ísland í viðbót innan sinna raða.

En hin ástæðan er auðvitað sú að við erum rík þjóð og myndum borga hressilega með okkur þá er er svigrúm þeirra til að mæta okkur afar takmarkað. Það er skiljanlegt. Hver skilur það ekki að

þeir þyrftu að selja makrílsjómönnum á vesturströnd Írlands og bændum út um allra Evrópu að Ísland fengi einhverja altaðra meðhöndlun heldur en aðildaríkin sem fyrir eru.

Það yrði snúið jafnvel þó að Skotarnir séu farnir út og við þurfum ekki að slást í gegnum Evrópusambandið við þá um makríl. Núverandi meðlimi klúbbsins ráða för að sjálfsögðu þó að vald embættismannanna sé heilmikið. Þá ætla ég bara aðeins að nefna í þessu sambandi finnst mér og takk Sólveg Anna fyrir frábært erindi að við hljótum að líta aðeins á söguna. Hvernig hefur Íslandi gengið sem sjálfstæðri þjóð?

Jú bara nákvæmlega þannig að á flesta mælikvarða lífskjara, lífsgæða, jafnréttis, friðsældar erum við land yfir meðaltali ESB ríkja. Við erum í fremstu röð í heiminum. Hvað varðar jöfnuð og jafnrétti, atvinnuþátttöku á lágt atvinnuleysi og aðild stéttarfélögum og margt fleira sem gerir sterkan vinnumarkað enn betri. Við erum ævintýrilega rík af náttúruauðlindum og okkur hefur gengið nokkuð vel sem sjálfstæðri þjóð að nýta okkur það til uppbyggingar.

Við þurftum að berjast landhelgisstríðin og allt það. Ég fæ þar af leiðandi ekki betur séð en að sjálfstæðið hafi reynst okkur vel. Það hafi reynst ein af auðlindunum. Og ég lít á það þannig að í sjálfstæðinu sé fólgin auðlind til að gera svo margt. Sagan skiptir máli og velgengni okkar sem sjálfstæðrar þjóðar hlýtur að hafa einhvern vægi þegar við metum málið heildstætt.

Við höfum auðvitað gert mistök, farið út af sporinu en það verið okkar eigin mistök og það er nefnilega það góða við sjálfstæðið að því fylgir heilbrigð ábyrgð. Það er ekkert pils til að skríða undir. Þú verður bara að horfast í augu við sjálfa þig og læra mistökunum og halda áfram. Það vil ég ekki sjá hverfa.

Ég minnist samtals við merkan Færeying Kristófur Tómasson hét hann og var skrifstofustjóri færeyska lögþingsins mjög lengi. Og ég ræddi við hann á árunum eftir 90 þegar Færeyingar voru í sem mestum hremmingum. Hvers vegna þetta hefði farið svona hjá þeim? Af hverju lentu þeir út af sporinu?

Jú jú það var ýmis - ýmis vitleysa sem þeir gerðu og lánuðu 110% út á togara og svona. En hann sagði: „það er agaleysið sem sambandið við Danmörku því miður hefur markað inn í færeysk stjórnmál. Það er alltaf þarna. Ef okkur hlekkist á þá eru Danirnir þarna á bak við okkur. Þetta er ekki hollt. Það er miklu betra að bera bara algjörlega ábyrgð á sér sjálfur. Státa sig af velgengninni, vinna sigrana í íþróttum, en viðurkenna líka þegar menn gera mistök þá er það mistök okkar sjálfra.

Varðandi efnahagsliðina sem ég ætla aðeins að tæpa á og um það gæti ég haft langt mál en ég læt mér nægja að segja að mér finnst það illa gert og óábyrgt að veifa því af fólki, til dæmis ungu fólki sem svitnar núna eðlilega undar hárri verðbólgu og háum vöxtum eða er þolendur ójafnvægis á húsnæðismarkaði, að með því að segja já séu gull og grænir skógar handa við hornið. Þetta bara lagist allt saman í hvelli. Það er mikill misskilningur.

Aðildarferli sem hæfist kannski á árinu 2027. Það tekur tíma að starta því. Og þó að það tæki ekki nema tvö þrjú ár sem er bjartsýni þá kæmi í framhaldinu langt tímabil þar sem við yrðum að uppfylla skilyrðin fyrir upptöku evru. Og hver eru þau? Það er að lækka verðbólgu, lækka vexti, styrkja stöðuna í ríkisfjármálunum og hafa jafnvægi eða stöðugleiki í gjaldeyrismálum.

Þetta yrðum við hvort sem er allt að gera áður en við gætum tekið upp evruna sem á að á að leysa þetta allt. Og þá segi ég eins og margir fleiri nú af hverju gerum við þetta þá ekki bara og þá skiptir hitt ekki máli. Það er sem sagt óraunhæft að mínu mati að þetta ferli og þó það leiddi til aðildar og þess sem fylgdi í framhaldinu muni hafa nokkur áhrif á verðbólgu, vexti og húsnæðismarkað á Íslandi fyrr en þá í fyrsta lagi svona 2035.

Það er ekki fallega gert að telja fólkinu trú um það sem núna svitnar undan lánunum sínum að afborganirnar lækki bara í hvelli ef sagt verður já 29. ágúst næstkomandi. Svo hefur mér ekki sýnst það að aðild að Evrópusambandinu og evran væri sjálfkrafa trygging fyrir velgengni í efnahagsmálum. Lágum vöxtum, lántökukostnaði, lágu áhættuálagi í viðskiptum og svo framvegis.

Ekki var það reynsla Grikkja þegar þeir lendu í hremmingunum um svipað leyti og við voru lengur að vinna sig út úr því. Þá reyndist grísk evra ekki það sama og þýsk efra af einhverjum ástæðum. Gríska vextir og grísk lánskjör voru ekki þau sömu og Þýskalands, Hollands og hinna meðlimanna í þrefalt A lánshæfismats-klúbbnum. Nei það var bara himin og haf þar á milli og Ísland og Grikkland skiptust á um á tímabili um að vera á toppnum hvað áhættuálag upp á annað þúsund punkta snertir.

Það er með öðrum orðum þannig og það verður alltaf þannig að það eru hinar efnahagslegu undirstöður viðkomandi lands sem skipta öllum sköpum og Ísland stendur sterkt hvað efnahagslegar undirstöður varðar. Vissulega hefðum við með agaðri hagstjórn getað gert betur á köflum en það breytir ekki hinu og Ísland er í ákjósanlegri stöðu hvað þetta varðar.

Ég átti einu sinni mjög góðan fund með merkum manni sem þá var seðlabankastjóri Kanada Mark Karni. Hann var seinna bankastjóri Englandsbanka og það segir nokkuð um hann og nú er hann forsætisráðherra Kanada. Þetta var vegna þess að það gaus upp umræða á Íslandi um hvort við ættum ekki ættum ekki að taka upp Kanada dollar og margir töldu það lausn á öllum okkar vanda þarna 2011 eða hvað þetta var.

Þetta var það mikil umræða bæði hér og í Kanada að við töluðum saman í síma ég og kanadíski fjármálaráðherrann og komumst að þeirri niðurstöðu að það væri nú skynsamlegast að leiða þetta í jörð og hann bauð mér í heimsókn og ég fór og hann skipulagði meðal annars fund með Markharni og ég vona að ég megi vitna í þetta hér svona bara efnislega sem hann sagði. Nú er maður að passa sig.

Við ræddum meðal annars gjaldeyrismál eðlilega af því þetta snérist um það hvort að Ísland ætti að taka upp Kanadollar. Frumleg hugmynd. Og ég spurði hann hvað, hvernig metur þú það? Er það óraunhæft fyrir smáríki eins og Ísland að vera með sinn eigin sjálfstæða gjaldmiðil í hnattrænum viðskiptaheimi? Og hann svaraði efnislega á þessa leið. Nei hvers vegna ætti það að vera það? Þið eruð ekkert það er ekki mikill stærðarmunur á ykkur og Nýja-Sjálandi og Noregi.

Í hinum stóra heimi eruð þið bara mismunandi lítil smáríki. Þetta snýst allt um efnahagslegu undirstöðurnar. „It is all about the fundamentals“ sagði Karni og hitti held ég algjörlega naglann á höfuð. Þar er það sem þetta ræðst. Það kemur ekkert bjargræða að utan eins og Sólveg Anna fór svo vel yfir hér áðan.

Að lokum góðir fundarmenn og eins og ég sagði í greinarkorni á Vísi á dögunum eru mínar áhyggjur ekki síst þær og það eru raunverulegar áhyggjur af framtíðinni til næstu ára litið. Að verði lagt upp í þennan leiðangur þá muni hann enda í útideyfu. Nú eru sem sagt örfáir hér inni sem vita hvað útideyfa þýðir. Það þýðir bara eitthvað sem verður endasleppt og verður að engu.

Annað hvort held ég að þessi leiðangur muni lognast út af eins og hann gerði síðast eða að menn láti sig hafa það að skrifa undir svo slappan samning að hann verði kolfelldur. Af því ég hef enga trú á því að Evrópusambandið geti komið nógu langt til móts okkur og ég hef farið yfir það og farið svo er að mínu mati miklu ver af stað farið en heima setið.

Af hverju að setja okkar stöðu í óvissu og upplausn ef við höfum ekki mikla trú á því að leiðangurinn sé þess virði. Ég tel að ein á ástæðum þess að yfir 65% Norðmanna vilji ég ekki að hreyft sé við stöðu Noregs segja nei við því að Noregur taki þetta mál upp aftur að ræða við Evrópusambandið. Það sé reynslan af tveimur misheppnuðum tilraunum.

Ég átti mörg samtöl við þingmenn Noregs árin eftir að þeir felldu í seinna sinnið og þeir sögðu það beint út. „Við höfum þurft að nota óhemjuorku og óhemju peninga til að sleikja fíluna úr þeim í Brussel. Við vorum persóna nongrata“ enda borga Norðmenn óheyrileg ósköp inn í ýmsa sjóði ESB.

Nú önnur ástæða fyrir því að Noregur vill ekkert hreyfa við þessum málum. hver gæti hún verið? Jú, er það ekki bara það gengur bara ágætlega í Noregi rétt eins og hér? Og af hverju þá að breyta til.

Forvitni líkt og þegar börnin okkar vilja kíkja í jólapakkana áður en að búið er að borða jólamatinn. Hún er alveg eðlileg en hún er ekki röksemd sem heldur vatni hér. Að minnsta - minnsta kosti dugar hún mér ekki. Ég er ekki svo forvitinn um það hvað er í þessum pakka að ég ætla að fara að láta það hafa áhrif á mig. Þess vegna segi ég staðfastlega nei.

Ásthildur: Takk fyrir þetta Steingrímur. Það er kannski ágætt að rifja þá það upp fyrir þá sem ekki muna eða voru mögulega of ungir að fyrir 17 árum þegar ríkisstjórnin sem Steingrímur sat í og var fjármálaráðherra sóttu um þá var ákveðið að fara af stað í leiðungur sem lognaðist út af eins og Steingrímur fór svo vel yfir. Mér fannst hann kjarna þetta mjög vel. Hann nefndi akkúrat það sem mér finnst svo mikilvægt. Hver eru samningsmarkmiðin?

Við höfum ekki séð nein. Og það er náttúrulega eitthvað sem skiptir gríðarlega miklu máli nú og ekki síður hvernig Evrópusambandið vinnur og hvað - hvað þeir telja að það sé að vinna að komast þar inn. En áður en að við hleypum herra Ólafi Ragnari Grímssyni að þá langar mig bara til þess að nefna hér eru er fullt hús á 1500 manns þannig að það er mikill áhugi. Gjörðu svo vel Ólafur Ragnar og við hlökkum til að heyra hvað þú hefur fram að færa.

Tími 1:09:06

Ólafur Ragnar: Montenegro. Montenegro eins og það heitir á flestum tungumálum er lítið land á Balkanskaga var í áratugi hluti af Júkóslavíu meðal annars á tímum kommúnistjórnarinnar og þegar Títo marskálkur var æðstur valdhafa í Montenego. Og svo féll múrinn og Balkanstríðið fór illa með þetta litla land, þetta fátæka land sem við Íslendingar höfum gefið það fallega nafn Svartfjallaland. - Svartfjallaland. Það er ennþá fátækt land.

Þjóðartekjur þar eru í reynd bara um helmingur af því sem það er í Evrópusambandinu og landsmenn glíma enn við þann vanda að það vantar nútíma vegi, það vantar hraðbrautir það vantar innviði. Þeir hafa átt mjög erfitt með að búa sjálfum sér þau lífskjör sem þeir báru í brjósti vonir um þegar þeir losnuðu undan harðræðinu á sínum tíma.

Svartfjallaland. Það vill svo til að þessi umræða hefur þróast á þann hátt að þetta fjarlæga litla fátæka land á Balkanskaganum er farið að skipta okkur miklu máli í þessari umræðu vegna þess að staða þess gagnvart Evrópusambandinu er ansi afhjúpandi fyrir þann leiðangur sem núna er verið að biðja þjóðina [Íslendinga!] að samþykkja.

Það eru 18 ár 18 ár síðan Svartfjallaland sóttu um aðild að Evrópusambandinu og það eru 14 ár síðan þeir hófu viðræður við Brussel 14 ár. En það er allt í strandi. Hvers vegna? Jú, vegna þess að þetta snýst um það hver á að borga. Hver á að borga? Hver á að borga fyrir vegina? Hver á að borga fyrir innviðina? Hver á að borga fyrir hin bættu lífskjör?

Frakkarnir segja nei. Þjóðverjarnir segja nei. Spánn segir nei. Ítalía segir nei. Og málið er ennþá þannig statt að Svartfjallaland; Montenegro - er í biðröðinni. Það eru reyndar ýmis önnur fátæk lönd í austur Evrópu, í nágrenni Svartfjallalands, í biðröðinni eins og Albanía til dæmis.

Það er reyndar líka umhugsunarvert að það eru 30 ár síðan nokkru ríku auðugu ríki með góð lífskjör fyrir sína íbúa hefur dottið það í hug að sækja um aðild á Evrópusambandinu 30 ár. Þessi umræða nú hér hjá okkur er sú fyrsta í álfunni í 30 ár sem nokkru landi með sambærileg lífskjör eins og við erum nú, dettur það í hug að sækjum aðild.

En í biðröðinni eðlilega - eðlilega eru þessi fátæku lönd eins og Svartfjallaland og Albanía í austur Evrópu sem ennþá glíma við það að almenningur hefur bara um 50% af þeim lífskjörum sem eru innan Evrópusambandsins og eru þau þó miklu lakari heldur en hér hjá okkur.

Þannig kæru vinir að staða Svartfjallalands í biðröðinni allt í einu nú og í ágúst fyrir að skipta okkur máli. Og það er eðlilegt að í þessum fulla sal af fólki hér á Akureyri í Hofi horfi menn á mig með þó nokkri undrun eins og ég sé - og velti því fyrir sér hversu í ósköpunum maðurinn er að koma hingað norður frá Akureyri til að tala um Svartfjallaland?

Jú einn áhrifaríkasti fjölmiðill í Evrópu og Bandaríkjunum er Politico. Politico hefur sérhæft sig í því að fjalla um stjórnmál, alþjóðamál, það sem er í raun og veru að gerast inn í valdamiklum stofnunum bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Og þeir geti sér frábæran orðstýr fyrir það og eiga öflugan sess á öllum helstu alþjóðlegum ráðstefnum hér Security Conference, efnahagsráðstefnan í Davos og annars staðar og eru með heila herdeild af fréttamönnum.

Í Brussel eru kannski sá miðill Politico sem embættismannasveitin í Brussel notar til að koma sínum skoðunum á framfæri vegna þess að þeir eiga og hafa þróað trúnaðarsamband við fréttamennina hjá pólitíkum sem iðurlega birta fréttir þar sem haft er eftir ónefndum embættismanni sérstaklega „senioricials“ sem er svona sérstakur titill fyrir hina háttsettustu sem vilja koma sínum skoðunum á framfæri en vilja ekki láta nafnsins getið.

Og nú gerðist það fyrir tveimur vikum síðan í ágúst að Politico ákvað að skrifa fréttaskýringu um það sem við erum að gera hér. Um þessi áform ríkisstjórnar Íslands að sækja um aðild á ný að Evrópusambandinu og biðja þjóðina að veita sér heimild til að gera það vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki meirihluta á Alþingi til að gera það. Það er eina raunverulega ástæða fyrir þessari þjóðaratagreiðslu að ríkisstjórnin hefur ekki meirihluta á Alþingi til að sækja um.

Að hún ætlar að fara að þessa hjáleið að plata hluta þjóðarinnar til að segja já af því að þetta sé bara svona könnunarleið hjá okkur. Svo Politico ákvað að skrifa sérstaka fréttaskýringu um þessa stöðu viðræðna við Ísland. Og eins og þeir gera alltaf þá fóru þeir auðvitað beint í æðstu embættismennina hjá kommissjóninni í Brussel til þess að fá þeirra sjónarmið og sögu og hvað þeir væru að velta fyrir sér og hverju hvernig þeir litu fyrst og fremst á þetta ferli Íslendinga.

Og kannski hugsið þið eins og ég þegar ég opnaði þessa frásögn Politico á netinu í þessu mánuði fyrir um það bil tveimur vikum síðan. en að nú fengjum við fréttir af því hvernig þessi æðstu stjórnendur, kommissararnir hjá Brussel og æðstu embættismenn myndu greiða úr þessum vanda varðandi Íslendinga sem Steingrímur rakti svo glæsilega og vel og nákvæmlega hér áðan, sjávarútvegsmálin, landbúnaðarmálin og allir þessir þættir.

Nei það var ekki þannig. Hvað var það sem embættismannalið í Brussel æðstu stjórninni var efst í huga þegar kom að Íslandi og lágu ekkert á því við fréttamenn Politico? Jú Svartfjallaland þessi

höfuðverkur árum saman með Svartfjallaland. Hey Ísland er fyrsta ríka landið sem bankar hér upp á! Við skulum láta þá borga fyrir Svartfjallaland. Þá bara leysist þetta. Þá bara leysist þetta.

Þá verður þetta ekki lengur höfuðverkur fyrir okkur hérna í Brussel og þá skiptir engu máli þó að Þjóðverjar neiti að borga og Frakkar neiti að borga og Ítalía neiti að borga og Spánverjar neiti að borga.

„Við látum bara Íslendinga borga“ og af því að þetta er í raun og veru svo ótrúleg saga þá tók ég með mér hér á fundinn ljósritin af þessari frásögn Politico vegna þess að það eru ennþá einhverjir í þessu landi sem ekki trúa mér þó að þeir séu nú kannski fleiri utan við þessi salakynni heldur en hér. Og hér er þessi frásögn með tilvitnunum ekki bara í einn, ekki bara í tvo æðstu embættismenn Evrópusambandsins, senior officials. Nei bara nokkuð marga. Og þeim ber öllum saman um það að þetta sé málið.

Tengja Ísland bara við Svartfjallaland og leysa þannig þennan höfuðverk Evrópusambandsins. Og einn er af þessum æðstu embættismönnum er svo útpældur að hann kallar þetta á ensku „the best case scenario“ fyrir okkur. Ha ætli að Þorgerður Katrín hafi heyrt þetta - þetta sé best case scenario fyrir okkur?

Og hann bætir um betur og eins og þeir segja hérna - explained - ég ætla að lesa þetta fyrst á ensku svo að menn efist ekkert um að ég þýða þetta rétt: „explained weaving the bits“ það er að segja umsókn Íslands og umsókn Svartfjallalands „weaving the bits together could help win over France which might get a far right anti-enlargement president in 2027“ sem sagt hættan á Marie Le Pen í næstu forsetakosningum í Frakklandi.

Er þannig í augum um þessa kommissor í Brussel að nú sé um að gera flýta sér að láta Ísland borga fyrir Svartfjallaland svo þurfi ekki að bera það undir Le Pen þegar hún er orðin forseti Frakka og svo gerir Politico sér ferð til þess að hitta utanríkisráðherra Svartfjallalands Me Gorsevic og spyrja utanríkisráðherrann svona til hliðar í einhverjum kvöldverði í höfuðborginni sem að hér í greininni er kallað „sor“ mjög fínt franskt orð yfir svona fínni boð.

Hvernig utanríkisráð þeirra Svartfjallalands lítist nú á þessa hugmynd að tengja Svartfjallaland og Ísland saman og utanríkisráðherrann segir já mér líst bara vel á það en það er ekki búið það er ekki búið annar embættismaður segir: „Icelands wealth could make it a membership“. Auður Íslands er þannig að þeir munu láta af hendi mikilvægt fjármagn til Evrópusambandsins og ég reynd borga fyrir aðildina á Svartfjallalandi en svo er rúsínan í pylsuvandanum utanríkisráðherra Íslands.

Þið hafið kannski séð viðtalið á Sýn fyrir nokkrum dögum síðan þegar utanríkisráðherrann var beðinn að vera nú loksins skýr og afdráttarlaus til að lýsa samningsmarkmiðunum sem Steingrímur réttilega var að auglýsa eftir áðan. Og ef þið hafið séð þetta viðtal þá hafið þið fylgst með því hvernig hún hraktist úr einu öngstrætinu í annað og einum útúrsnúningum í annan.

Þangað til hún sagði loks við fréttakonuna „þú færð mig ekki til að segja já“ þegar spurt var að því hvort það yrði afdráttarlaust að við héldum forræði yfir sjávarútveginum og „þú færð mig ekki til að segja já“ mínútum saman sagði utanríkisráðherrann sem núna er að biðja um umboð til að semja fyrir okkar hönd vegna þess að stjórnskipun Íslands er þannig að hún ein fær umboðið.

Ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald samkvæmt íslenskum lögum. Það er utanríkisráðherrann einn sem samkvæmt íslenskri stjórnarskrá hefur það valdið í sinni hendi að fara með samningsumboðið. Jú jú hún þarf samráð við ríkisstjórnina. En samkvæmt íslenskri stjórnarskrá erum við ef þjóðin segir já að veita utanríkisráðherranum einum þetta umboð.

Og ráðherrann sem gat ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fréttakonur Sýnar sagt okkur skýrt hvar hennar rauðu línur liggi varðandi sjávarútveginn og auðlindirnar í viðræðum við Brussel, var bara alveg skýr þegar Politico spurði hana að því hvernig henni litist á að Ísland borgaði fyrir Svartfjallaland, hvort hún væri tilbúin að ræða þennan dýl sem kommissjónin hefði augljóslega mestan áhuga á.

Og hvað sagði utanríkisráðherra Íslands þegar þessi virkti fjölmiðill spurði hana hvort hún væri tilbúin í þennan díl með Svartfjallaland. „Absolutúly. Absolútly.“ Bara eitt orð. Alveg skýrt. Algjörlega til í þennan dýl. Þetta er satt að segja eina skýra svarið sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur gefið í aðdraganda þessara þjóðaratkvæðagreiðslu. „Absolútly. Absolútly.“

Ha ég þurfti að lesa þetta nokkrum sinnum. Þess vegna tók ég ljósritið með mér. vegna þess að ég vissi að það myndi einhverjir halda að þetta væri ekki rétt. En svona er þetta kæru vinir. Svona er þetta kæru vinir. Þeir í Brussel líta á þessa umsókn fyrst og fremst sem tækifæri til að láta Ísland borga fyrir Svartfjallaland. Ég á mikla samúð með fólkinu í Svartfjallalandi en eins og einn góður maður sagði við mig „eigum við ekki að klára fyrst þjóðveg eitt áður en við förum að borga fyrir vegina í Svartfjallalandi.“

Og það er líka þáttur í þessari sögu að hún afhjúpar ekki aðeins hvernig Evrópusambandið hugsar og aðhefst á æðstu stigunum heldur minnir hún okkur líka á að Evrópusambandið og þetta batterí allt saman er risavaxin valdastofnun, sem hefur sín eigin valdamál sín eigin ætlunarverk og sá fjöldi sem þar starfar að því að reka þessa hagsmunagæslu fyrir býrókratíð báknið sjálft skiptir tugþúsundum manna.

Mér var það á á fundinum í Sjálfstæðissalnum, þegar Áfram Ísland var ýtt úr vör - mér var það á að van telja þennan fjölda bírókrata í Brussel, sem við þurfum að glíma við. Ég sagði hann væri 40.000. Það var ekki rétt. Sú tala á bara við kommissjónina og Evrópuþingið og bankann.

Svo eru 40.000 aðrir - stofnanir sem tilheyra þessu batterí. Þannig að þegar allt er lagt saman þá er það um 70.000 manns sem dag og nótt vinnur að því að verja hagsmuni kerfis.

Og til viðbótar eru eins og ég nefndi á fundinum 30.000 þúsund hagsmunaverðir sem eru líka dag og nótt í að verja hagsmuni þeirra sem þeir eru fulltrúar fyrir vítt og breytt um Evrópu. Þetta er 100.000 þúsund manna af býrókrötum og hagsmunavörðum sem við þurfum að glíma við frá fyrsta degi vegna þess að það er þessi her sem mun ráða för í samningaviðræðum ef þjóðin segir já.

Það sýnir sagan þar til Steingrímur hér, því lýsti Össur í hinu langa viðtali við vísi.is is á sínum tíma. Þessi þáttur hefur í raun og veru ekkert verið ræddur í þessari umræðu. Það er talað um einhvern sjávarútvegsstjóra, Kos heitir hún held ég ef ég man rétt. Eins og það sé bara nóg að tala við hana.

Það gleymist þessi mikla herdeild báknsins í Brussel sem rekur allar þessar viðræður og hagsmuni og stefnumótun og til viðbótar á fjöldi hinna 27 ríkja sem Steingrímur nefndi réttilega er svo í bakherbergjunum og í baksveitinni til að ákveða hvert samningsumboðið verður.

Þetta er veruleikinn sem samnings menn Íslands munu þurfa að glíma við frá fyrsta degi. Þeir munu ekki koma með einhvern pakka og segja „gjörðu svo vel hérna er pakkinn vil ég ekki kíkja í hann.“ Nei þeir búa sig undir langvarandi bírókratískan slag og þessir aðilar eru sérfræðingar í bírókratískum slag og þeir hafa svo líflegt hugmyndaflug að það fyrsta sem mun menn detur í hug að ræða við Politico þegar fréttamaður Politico vill ræða um umsókn Íslands er að ræða nú geti þeir losnað við Svartfjalland úr biðlistanum með því að láta Ísland borga.

Og það er reyndar merkilegt miðað við þessa umræðu sem líkur í næstu viku að enginn þeirra ráðherra sem biður um að þjóðin segi já. Engin þeirra þingmanna sem hafa verið í farabroddi þess leiðangurs hafa nokkru sinni gert minnstu tilraun til að útskýra fyrir þjóðinni þá grunnsáttmála sem allt gangvirki Evrópusambandsins byggist á.

Þið getið farið í gegnum allar þessar umræður, öll þessi viðtöl, allar þessar greinar og þið finnið orðið Lissabonsáttmáli aldrei. Og ég er að segja alveg eins og er sem gamall prófessor í stjórnmálafræði og þingmaður og ráðherra og forseti lýðveldisins í 20 ár.

Ég hefði aldrei trúað því fyrirfram - að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og þingmenn sem taka sig alvarlega bara leyfi sér að fara í gegnum alla þessa umræðu í aðdraganda þjóðaragreiðslu án þess að minnast einu orði á grunn sáttmálana í valdakerfi Evrópusambandsins.

Ef einhver hefði sagt það við mig þá hefði ég ekki trúað því en það er engu að síður það sem við höfum horft upp á. Mastricht sáttmálin og Lissabon sáttmálin eru þær grunnstoðir sem Evrópusambandið byggir alla sína ákvörðunartöku og allt sitt gangvirki á.

Lissabon sáttmálinn er orðin 17 ára gamall. Mastricht sáttmálin er enn eldri. Þetta er engin ný tíðindi. Þetta er sjálf stjórnskipun Evrópusambandsins sem viðræðurnar munu þurfa að laga sig að. Og ég tala nú ekki um aðild Íslands þarf að byggjast á og þar skiptir Lissabonsáttmálinn

mestu máli. Það er hann sem skilgreinir það að í ráðherraráðinu er það ekki þannig að Ísland fær eitt sæti sem er jafn stórt og sæti Frakka og sæti Þjóðverja.

Ja í fleiri ákvarðanasviðum Evrópusambandsins. Meira en 40 ákvarðanasviðum er farið eftir fólksfjölda og þar er hlutur Íslands eins og ég nefndi í sjálfstæðisalnum 0,1%. Reyndar rúnaði ég það aðeins af því það er í reynd 0,08%. En mér fannst einhvern veginn einfaldara að segja bara 0,1% vegna þess að ég vissi að mönnum myndi finnast það nægilega ótrúlegt vegna þess að það er búið að halda því að okkur árum saman undir kjörorðinu „við fáum sæti við borðið“.

Að sá sem ætti fyrir hönd Ísland hefði sama vægi með sína sleggju eins og þeir frá Frakklandi og og Þýskalandi. En Lissabon sáttmálinn segir nei við 0,1%. Lissabon sáttmálin segir líka að komissónin Ursula von Leiden fái miklu meira sjálfstætt vald í öllu gangvirki Evrópusambandsins heldur en þeir sem voru fyrir 30 eða 40 árum í þessari stöðu.

Lissabonáttmálin segir líka að Evrópusambandið þurfi að búa sig undir sameiginlega utanríkisstefnu. Og Lissabon sáttmálinn segir líka að smæstu þjóðirnar fái bara sex sæti á Evrópuþinginu þar sem eru yfir 700 þingmenn. Þið sáuð kannski opnuna í blaðinu í morgun. „Hvar er Togga í þessum stóra sal?“ Og það er misskilningur sem sumir halda að þessi sex myndi svo sérstaka Íslandsdeild á Evrópuþinginu.

Nei það er ekki þannig heldur eru þar einingar sem stjórna öllu gangvirki Evrópusambandsþingsins sem eru flokkahóparnir og þar ráða stærstu flokkar Þýskalands, Frakklands, Spánar, Ítalíu langmestu. Þannig íslensku þingmennirnir þeirra fyrsta vers yrðu að ákveða: „ætla ég að fara í kratahópinn? Ætla ég að fara í frjálslyndahópinn? Ætla ég að fara í íhaldshópinn?“

Hvar ætla ég að týnast inn í þessum þingflokkum sem eru hver fyrir sig með tvö til 300 þingmenn? Og svo er ein breyting til viðbótar sem enginn hefur nefnt að hálfu tals manna þess að við segjum já næstkomandi eftir rúma viku. Það er sú einfalda breyting að Evrópusambandið samkvæmt Lissabon sáttmálanum verður lögaðili. Verður lögaðili. Þetta hljómar sakleysislega.

Hver er ekki með því að einhver verði lögaðili? Íslenskan er fallegt tungumál. Hún felur því miður stundum raunveruleikann. Eins og þetta „já til að sjá“ sem er náttúrulega bara brella - orðaleikur.

Hvað merkir það að Evrópusambandið fær heimild til að verða lögaðili? Jú það merkir það að Evrópusambandið getur farið að taka lán sem slíkt sem ríkin þurfa að borga. Evrópusambandið geta farið að gefa út skuldabréf svona eins og ríkisskuldabréf.

Steingrímur þekkir það sem fjármálaráðherra og hvers vegna skyldu menn vera að þessu að láta Evrópusambandið verða lögaðila og geta tekið lánin fyrir sig og gefa út ríkisskuldabréfin fyrir sig. Jú það er vegna þess að ríkissjóðirnir í mörgum þessum löndum eins og Frakklandi og Ítalíu og

Spáni hafa verið reknir með að halla í nærri 50 ár. Það var komið ríkisstjórn eftir ríkisstjórn eftir ríkisstjórn í þessum löndun og reynt að glíma með þennan vanda var gefist upp. Macron síðasta dæmið í Frakklandi um hafa gefist upp á glíma við þennan vanda.

Þá sáu menn þetta snjallræði láta bara Evrópusambandið gefa út ríkisskuldabréf sem öll aðildaríkin yrði að borga og beita meirihluta atkvæða í ráðherraráðinu og svo koma þennan ófjármögnuðu lífeyrisskuldbindandi spurningar til viðbótar.

Við værum þess vegna að ganga inn í bandalag þar sem að komissjónin, kommissjónin, hefur heimild til þess að gefa út skuldabréf sem við stæðum á bakvið. Eitt er nóg að þurfa að glíma með sinn eigin efnahag en að bjóða okkur upp á í að byrja á því að borga fyrir inngöngu Svartfjallalands og síðan á næstu árum og áratugum fara að borga fyrir ríkisskuldirnar í Frakklandi og Ítalíu og Spáni.

Þá segi ég nú jafnvel þótt að sleggjustjórnin standi sig ekki nægilega vel þá mun ég frekar hafa hana, heldur en þetta. En þetta er alvaran kæru vinir. Þetta er alvaran. Og ég segi það aftur. Ég hefði aldrei trú á því að ríkisstjórn Íslands á þriðja áratug þessarar upplýsingaaldar myndi leyfa sér að leiða þjóðina að kjörborðinu án þess að ræða einu orði um grundvallareðli þess bandalags sem þjóðin er beðin um að segja já, varðandi viðræður við, en það hefur ekki gerst.

Og ef að einhver dregur í efa að þessi frásögn mín hér sé rétt þá tók ég líka með mér annað plagg til viðbótar við ljósritin úr Politico. Og þetta er reyndar sama plaggið og Þorgerður Katrín mætti með í Silfrið þegar formennirnir mættu. en hún las ekki upp úr því. En ég ætla að gera það. Þetta er sem sagt plaggið sem Landskjörsstjórn hefur sent inn á hvert einasta heimili á landinu.

Og það verður að segja Landskjörsstjórn til hróss þó enginn af ráðherrunum eða þingmönnunum í forystu jáliðsins hafi nefnt það. að landsstjórnin er ekkert að fela það hvernig við munum afhenda Evrópusambandinu völdin. Á blaðsíðu 12 og 13 í þessum upplýsingabæklingi Landskjörsstjórnar, sem þið hafið örugglega hvert ykkar fengið inn á ykkar heimili stendur meðal annars:
„reglur ESB geta tekið gildi og haft áhrif beint í aðildaríkjunum án aðkomu innlendra stofnana - án aðkomu innlendra stofnana“. Þetta eru orð Landskjörsstjórnar, ekki mín og þeir bæta um betur: „reglur ESB ganga almennt“ – „almennt framar reglum aðildarríkjanna“ innan sviga „hafa forgangsáhrif“
Hér er engin tæpitunga töluð að hálfu Landskjörsstjórnar, þeir eru ekki búnir: „aðildarríkin fela stofnunum ESB vald í ákveðnum málaflokkum á sumum sviðum fer ESB eitt - eitt með völdin.“

Ég heyri þögnina hérna í salnum því það er örugglega eins með ykkur eins og mig. Mér fannst merkilegt og lofsvert að Landskjörsstjórn skyldi orða þetta svona skýrt, en það er eins og talsmenn já-liðsins hafi bara aldrei lesið þennan upplýsingabækling Landskjörsstjórnar. Og svo

segja þeir líka: „meginreglan er að aukin meirihluti dugar“. Sem sagt þetta 0,08% sæti við borðið skiptir harla litlu máli.

Ég hvet ykkur öll sem hér eruð og hlýðið á þennan fund og reyndar landsmenn alla að lesa blaðsíðu 12 og 13 í þessum bæklingi Landskjörsstjórnar sem utanríkisráðherrann tók með sér í sjónvarpssal en passaði sig á að lesa ekkert upp úr. Það er nefnilega þannig að þetta snýst ekki um pakka. Þetta snýst ekki um einhverja brellu.

Þetta snýst um meiriháttar framsal á þeim völdum sem tók okkur 100 ár að fá í eigin hendur og þeim völdum yfir landhelginni sem tók okkur áratugi að fá í eigin hendur. Forfeður okkar og mæður glímdu í 100 ár við það, að fá stig af stigi þetta vald í sínar hendur. Þegar Þjóðfundurinn 1851 kom saman í sal Lærðaskólans við Lækjargötu og Ólafur Briem bóndi á Grundi í Eyjafirði var Þjóðfundarfulltrúi Eyfirðinga á þeim fundi. Hafði Danakonungur allt vald í höndum.

Þannig hófst þessi barátta. Allt vald í höndum konungsins í Kaupmannahöfn. Þess vegna eðlilegt að Jón Sigurðsson segði að hann gæti ekki sætt sig við það við það og ekki heldur Íslendingar að bóndi í Skagafirði þyrfti að fara í gegnum Kaupmannahöfn til þess að ráðgast við bónda í Húnavatnssýslu.

Núna er verið að biðja okkur um það um öll þessi valdasvið sem við nú höfum í eigin höndum að fara í gegnum Brussel þar sem hundrað þúsund manna her bírókrata og hagsmunavarða mun meðhöndla okkar mál og við knúin til þess að lúta þeirri niðurstöðu sem þeir komast að.
Og ég spyr eins og ég gerði í upphafi þessara baráttu hvers vegna - hvers vegna eftir 100 ára baráttu, fyrir að fá fullan rétt í okkar hendur, ættum við að bjóða börnum okkar og barnabörnum upp á 100 ára glímu við erlent vald?

> [Jónas Hallgrímsson orti árið 1835:
> „Ísland farsælda frón…
> Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur?
> Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“
> Verði Íslendingar svo viti firtir, að játast undir vald ESB, getur það tekið afkomendur okkar sex hundruð sumur að losna undan þeirri kúgun.]

Ég hef aldrei notað orðið fullveldi í þessu samhengi vegna þess að það er hugtak sem menn teygja fram og aftur. En það er ekki um það hér er verið að biðja um já til að hefja þá för að flytja umtalsvert vald til erlendra aðila þannig að börn okkar og barnabörn þurfi eins og forfeður okkar og formæður að verja stórum hluta af sínum tímum í að glíma við erlent vald.

Og þá leyfi ég mér, hér á Akureyri, að minna á nokkra þingmenn Eyfirðinga sem stóðu í fararbroti þessarar baráttu á fyrstu áratugum. Arnljót Ólafsson, Hannes Hafstein, Skúla Thoroddsen, Benedikt Sveinsson og þeir voru fleiri við [biðjum] Sólveigu afsökunar. Þetta voru eingöngu karlmenn vegna þess að lögin voru þannig á þeirri tíð.

En á bak við þá voru hundruðir fátækra bænda og íbúar í hinu litla þorpi sem Akureyri var þá sem voru sama sinnis skrifuðu undir bænaskrárnar, bænaskrárnar sem Íslendingar sendu til

Kaupmannafnar, hverja á fætur annarri áratugum saman, til þess að biðjum sjálfstætt vald í eigin höndum.

Ef þeim hefði verið sagt að um það bil sem síðasta kynslóðin sem fædd var undir Danakonungi sem ég tilheyri, færi senn að hverfa, er þá nýkomin umræða um erlent vald þá hefðu þeir ekki trúað því og ef hefði verið sagt til viðbótar að utanríkisráðherra Íslands, spurður af Politico, hvort að hún væri tilbúin í að skoða þann „díl“ að Ísland skæri Evrópusambandið niður úr snörunni varðandi Svartfjallaland með því að borga fyrir Svartfjallaland og hefði svarað: „absolutly, absolutly“ tilbúin að borga fyrir Svartfjallaland, þá hefði enginn trúað því.

Ólafur á Grund, bóndinn hér í Eyjafirði sem hélt ríðandi og gangandi til þjóðfundarins 1851. Það voru engir vegir í landinu og sat í salnum í Lærðaskólanum við Lækjargötu, stærsta timburhúsi Reykjavíkur á þeirri tíð og hlustaði á boðskap konungsfulltrúans. Og hver var hann? Jú, konungsfulltrúinn var mættur til að flytja Íslendingum þann boðskap að nú ætlaði Danakonungur og stjórnvöld í Danmörku að innlima Ísland í danska ríkið formlega.

Og öll þau lög og allar þær reglur sem giltu í danska ríkinu og sett væru af stjórnvöldum í Kaupmannahöfn myndu gilda á Íslandi. Um það snerist konungsboðskapurinn á þjóðfundinum 1851 - að stjórnvöld Kaupmannahöfn ætluðu sér í eitt skipti fyrir öll að innlima Ísland og í staðinn var þeim boðið - og það er merkilegt í sögulegu samhengi og kannski áminning til okkar sem nú lifum að það var nákvæmlega sama talan!

Í staðinn var Íslendingum boðið að fá sex þingmenn á ríkisþingið í Kaupmannahöfn. Alveg eins og við fáum sex þingmenn á Evrópuþingið í Brussel. En það verður að segjast Danakonungi til hróss að hlutfallslegur styrkur Íslendinga í þessu ríkisþingi Dana í Kaupmannahöfn með þessa sex fulltrúa var langt um meiri heldur en styrkur þeirra sex þingmanna sem við getum sent til Brussel ef að þessi leiðangur endar með aðild.

En kannski er sagan með því að hafa nákvæmlega sama fjölda þingmanna sem var til umræðu á Þjóðfundinum 1851 sem við ættum að fá á ríkisþinginu í Kaupmannahöfn í staðinn fyrir að láta af hendi öll völd yfir eigin málum, nákvæmlega sama talan og við munum fá á Evrópuþinginu í Brussel. Kannski eru það skilaboð Þjóðfundarmanna til okkar sem nú göngum senn að kjörborðinu.

Og þá segi ég og vona að við segjum öll eins og Ólafur á Grund bóndinn í Eyjafirði sagði með sínum félögum á Þjóðfundinum 1851. Vér mótmælum öll. Þakka ykkur fyrir.

Ásthildur: Ég held að það þurfi ekkert að segja neitt meira. En kæru fundarmenn, ég vil þakka ykkur kærlega fyrir að gefa ykkur tíma til þess að koma og vera hér í dag. og þeim sem voru heima og fylgdust með í streymi vil ég sömuleiðis þakka ykkur fyrir. Ég vona að þið hafið orðið einhvers vísari.

Þessi hópur sem hér hefur talað er eins og fram hefur komið öll á einu máli um að Ísland sé algjörlega fullfært um að vera sinn eigin fyrirsvarsmaður, hvað sem öllu líður. og ég held að það séu skilaboðin sem við eigum að fara út með hér í dag og ég hvet ykkur til þess að ræða þessi mál við þá sem verða á vegi ykkar og hvetja þá til þess að nýta kosningarétt sinn þann 29. ágúst næstkomandi. En ég ætla að biðja ykkur líka bara um að - að flýta ykkur ekki endilega. Við verðum hér frammi það verður hægt að kaupa sér drykki hérna á á bakvið og eiga - við gætum átt hér góða stund og spjallað við aðra fundarmenn. En þakka ykkur kærlega fyrir og takk fyrir komuna.